

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar,
verslunar- og þjónustusvæði á Hólmavík.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 30. nóvember 2015 breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn Strandabyggðar 7. júlí 2015.

Í breytingunni felst að nýtt verslunar- og þjónustusvæði (V8) er skilgreint sunnan við félagsheimilið á Hólmavík. Við breytinguna fellur burt svæði S13 fyrir þjónustustofnanir og svæði S12 minnkar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 30. nóvember 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.